

Umsögn

Umsögn Vegagerðarinnar um tillögu til þingsályktunar 46/152 um kaup á nýrri Breiðafjarðarferju



Verði tekin ákvörðun um að halda áfram að styrkja siglingar yfir Breiðafjörð á milli Stykkishólms og Brjánslækjar eftir að núverandi samningur um það rennur út í maí 2023, þá telur Vegagerðin það skynsamlegt að hefja undirbúning á smíði nýrrar ferju sem allra fyrst. Sú ferja þarf að vera þeim eiginleikum búin að geta nýst í afleysingar fyrir Herjólf IV í siglingum milli Landeyjarhafnar og Vestmannaeyja.

Ferjan Herjólfur III, sem hinn nýi Herjólfur IV hefur leyst af hólmi, var tekinn til ítarlegrar skoðunar sem valkostur til að leysa af og/eða koma í stað þeirrar ferju sem siglir nú á Breiðafirði. Skoðunin leiddi í ljós að Herjólfur III hentar ekki á siglingaleiðinni því ferjan er of þung, rekstrarkostnaður of hár og afkastagetan sambærileg og hjá núverandi Breiðarfjarðarferju. Sigli Herjólfur III Breiðafjörðinn þarf einnig að ráðast í umfangsmiklar breytingar á hafnarmannvirkjum. Það væru framkvæmdir sem óvíst er að henti nýrri ferju verði ákveðið að fjárfesta í nýrri ferju.

Vegagerðin vekur athygli á að undirbúningur er nú þegar hafinn á að breyta þeim hafnarmannvirkjum sem Breiðafjarðarferjan leggur að. Hægt verður að ráðast í hönnun, útboð og framkvæmdir þegar vilji Alþingis um kaup á nýrri ferju liggur fyrir.